

56. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 01.10 2013, Végarði kl. 13.30

Mættir til fundar: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Anna Jóna Árnarsdóttir tilkynnti sig veika og ekki er mættur varamaður í hennar stað.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Laugargarður ehf**
- 2. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun**
- 3. Skýrsla oddvita**
- 4. Endurskoðun aðalskipulags**
- 5. Endurskoðun stjórnarfyrikomulags Vatnajökulsþjóðgarðs**
Bréf ráðherra dags. 05.09 og skýrsla starfshóps
- 6. Fjallaskarð**
- 7. Gistihús við Végarð**
- 8. Aðalfundarboð Heilbrigðiseftirlits Austurlands 2013, tilnefning 1 fulltrúa og 1 varafulltrúa**
- 9. Bréf**
 - a) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið 09.09
 - b) HAUST , dags. sept 2013
 - c) EBÍ Brunabót dags. 06.09
- 10. Umhverfisstyrkir**
Geitagerði, Skeggi G Þormar
- 11. Fjárbeiðnir**
 - a) Skriðuklaustursrannsóknir
 - b) Fjölpjóðahátíð Austfirðinga 2013
 - c) Gísli Sigurgeirsson, Sjónvarpsstöðin N4, þættir um Austurland
- 12. Fundargerðir**
 - a) Brunavarnir á Héraði 03.09 og 18.09, ásamt fjárhagsætlun 2014 og ársreikningi 2012
 - b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 02.09
 - c) Samtök orkusveitarfélaga 28.08
 - d) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 05.09
 - e) Minjasafn Austurlands 06.09, ásamt fjárhagsáætlun 2014
 - f) HAUST 02.09
 - g) Félagsmálanefnd 16.09
 - h) Brunavarnir á Austurlandi 06.09
- 13. Önnur mál**
 - 1. Laugargarður ehf**
Ársreikningur fyrir árið 2012 var borinn upp og samþykktur og undirritaður. Engin starfsemi var í félaginu á árinu , en áfram unnið að flutningi eigna inn í félagið.

2. Þjónustusamningur við Gunnarstofnun

Skúli Björn Gunnarsson mætti á fundinn kl. 14.00 og fór yfir verkefni sem unnið hefur verið að á árinu, á grunni þjónustusamnings Fljótsdalshrepps við Gunnarstofnun. Nefndi hann þar helst vinnu sem tengist Upphéraðsferðaklasa, vetrarferðaklasa, gönguleiðaverkefni, Lagarfljótsorminum og skipulagi og hönnun Hengifossvæðis.

Skúli minntist á að nú stæði yfir stefnumótunarvinna fyrir Gunnarstofnun, hann væri að fara til Rússlands til að kynna Gunnar Gunnarsson rithöfund og að beðið væri niðurstöðu með fjármagn til stofnunarinnar í fjárlögum ríkisins og þá framundan að skipuleggja starfsemi á Skriðuklaustri á næsta ári.

Skúla Birni þökkðuð koman og yfirgaf hann fundinn um kl. 14.30

3. Skýrsla oddvita

Fjárlaganefnd Alþingis býður fulltrúum sveitarfélaga til viðtals um fjármál sveitarfélaga í tengslum við vinnu nefndarinnar.

Oddviti, varaoddviti og Lárus mættu á skólalæping Hallormsstaðaskóla sem haldið var 16. september.

Oddviti, varaoddviti og Anna Jóna áttu viðræðufund 8. september við rekstraraðila Laugarfellsskóla. Til umræðu var rekstur skólans og ýmislegt því tengt.

Oddviti sat aðalfund SSA á Eskifirði, dagana 13. og 14. september. Fundargerð aðalfundarinnar og ályktanir er hægt að kynna sér á heimasíðu Austurbrúar, www.austurbru.is.

Innanríkisráðuneytið vekur athygli á að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið lögfestur á Íslandi.

Keypt var ný fartölva, þar sem ein af þeim tölvum sem sveitarstjórnarmenn hafa haft til afnota er ónýtt.

Framfarafélag Fljótsdalshéraðs sendi fundargerð málþings um austfirsk málefni og þakkar rausnarlegan styrk sem Fljótsdalshreppur veitti vegna málþingsins.

HAUST hefur endurnýjað starfsleyfi fyrir almenningssalerni við Hengifossá. Þar sem ekki er viðurkennd vatnsveita á svæðinu, þarf að hengja upp skilti á salernum og vekja athygli notenda á því.

Lokaskýrslu vegna styrks sem Ferðamálastofa veitti til verkefnis um Hengifossvæðið hefur verið skilað. Beðið er eftir að Austurför sem tók að sér ákveðna verkþætti í verkefninu skili af sér til Fljótsdalshrepps.

Sveitarfélaginu hefur borist skýrsla sem unnin var fyrir Landsnet um þjóðhagslegt gildi uppbyggingar flutningskerfisins.

Þjóðskrá Íslands hefur sent sveitarfélaginu skýrslur um fasteignamat 2014 og brunabótamat 2013

4. Endurskoðun aðalskipulags

Fyrir liggja drög að endurskoðun aðalskipulags. Augljóslega þarf að lagfæra drögin að talsverðu leyti og samþykkt að fá fulltrúa Landmótunar á vinnufund með sveitarstjórn og byggingarnefnd.

5. Endurskoðun stjórnarfyrikomulags Vatnajökulsþjóðgarðs

Bréf ráðherra dags. 05.09 og skýrsla starfshóps. Ráðherra hefur boðið fulltrúum sveitarfélaga sem eiga land að þjóðgarðinum til fundar um niðurstöður starfshópsins. Fundurinn er boðaður 2. október í ráðuneyti umhverfis-og auðlindamála. Oddviti mætir fyrir hönd sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með megin niðurstöðu starfshópsins um að stjórnarfyrikomulagið hafi reynst vel og að ekki eru lagðar til grundvallarbreytingar á því.

6. Fjallaskarð

Lokaverkfundargerð frá 30.9.2013 kynnt. Verktaki fer fram á þátttöku Fljótsdalshrepps í aukakostnaði við flutning skálans frá Egilsstöðum í Fjallaskarð. Verktaki fór fram á að þátttaka Fljótsdalshrepps í aukakostnaði yrði 720 000 kr, en sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í kostnaði að upphæð 480 000 kr.

Viðræður hafa verið við Ferðaklúbbinn 4 x 4, Austurlandsdeild og Highland Hostel ehf um umsjón og afnot að Fjallaskarðsskálum og liggja fyrir drög að samningum. Oddvita falið að vinna áfram að samningagerðinni.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis

7. Gistihús við Végarð

Sveitarstjórn samþykkir að varaoddviti skrifi undir samning við Fljótsdalsgrund ehf á grundvelli tilboðs dags. 23.9.2013.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

8. Aðalfundarboð Heilbrigðiseftirlits Austurlands 2013, tilnefning 1 fulltrúa og 1 varafulltrúa. Oddviti og varaoddviti tilnefndir.

9. Bréf

- Umhverfis-og auðlindaráðuneytið 09.09. Varðar flokkun vega utan vegakerfis Vegagerðarinnar vegna utanvegaaksturs. Kynnt.
- HAUST, dags. sept 2013. Varðar leiktæki og opin leiksvæði á vegum sveitarfélaga á stafssvæði HAUST. Kynnt
- EBÍ Brunabót dags. 06.09. Tilkynning um ágóðahlutagreiðslu til Fljótsdalshrepps árið 2013, að upphæð 61.500 kr.

10. Umhverfisstyrkir

Geitagerði, Skeggi G Þormar sækir fyrir hönd Geitagerði ehf, um umhverfisstyrk fyrir árið 2013. Samþykktur hámarksstyrkur.

11. Fjárbeiðnir

- Skriðuklaustursrannsóknir. Ósk um kr. 2.000.000,- fjárstuðning til lokavinnu við skráningu gagna vegna fornleifarannsóknar á Skriðuklaustri. Formaður Skriðuklaustursrannsókna hefur upplýst að verkefnið er hægt að vinna hvar sem er á landinu t.d. á Skriðuklaustri og það gæti verið tækifæri fyrir t.a.m.

háskólanema úr Fljótsdalshreppi að vinna við skráninguna. Vísað til fjárhagsáætlunargerðar næsta árs, en samþykkt að þar verði gert ráð fyrir styrk að upphæð kr. 500.000, sem verði til greiðslu 2014

- b. Fjölbjóðahátíð Austfirðinga 2013. Sótt er um styrk fyrir Fjölbjóðahátíð Austfirðinga 2013. Samþykkt að styrkja hátíðina um 15.000 kr.
- c. Gísli Sigurgeirsson, Sjónvarpsstöðin N4, Glettur, þættir um Austurland. Samþykkt að styrkja verkefnið um 100.000 kr.

12. Fundargerðir

- a) Brunavarnir á Héraði 03.09 og 18.09, ásamt fjárhagsætlun 2014 og ársreikningi 2012. Fundargerð, fjárhagsáætlun og ársreikningur kynnt og fjárhagsáætlun samþykkt.
- b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 02.09. Kynnt.
- c) Samtök orkusveitarfélaga 28.08. Kynnt.
- d) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 05.09. Kynnt.
- e) Minjasafn Austurlands 06.09, ásamt fjárhagsáætlun 2014. Kynnt. Fjárhagsáætlun samþykkt.
- f) HAUST 02.09. Fundargerð, kynnt.
- g) Félagsmálanefnd 16.09. Fundargerð, kynnt.
 - a. Brunavarnir á Austurlandi 06.09. Fundargerð kynnt. Stjórnin fundaði í Laugarfellsskála.

13. Önnur mál

- a) Samþykkt að Fljótsdalshreppur greiði viðgerð á kirkjuhlíði Valbjófsstaðakirkju 132.260 kr.
- b) Helgi Hallgrímsson sem nú vinnur að ritun Fljótsdælu hefur óskað eftir aðstoð við yfirllestur. Magnhildur Björnsdóttir hefur tekið það að sér.
- c) Kynningarfundur um orkuverkefni hefur verið boðaður í Végarði kl. 20.00, í kvöld.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.24.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)